

1. Kynning og leiðbeiningar

Eftirfarandi fræðsluefni byggir á niðurstöðum rannsóknar sem undirrituð vann sem lið í meistaraverkefni til M.Ed.-prófs í sérkennslufræði og skóla margbreytileikans við Menntavísindasvið Háskóla Íslands árin 2018 – 2019. Meistaraverkefnið í heild má finna í [Skemmunni](#) og ber titilinn “Milliliður, stuðningsaðili eða hlutlaus fylgdarmaður. Hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning”.

Tvær mikilvægar niðurstöður í rannsókninni voru að það vantar leiðbeiningar til aðstoðarfólks um hlutverk þess í námi notenda og að regluleg fræðsla til starfsfólks getur haft jákvæð áhrif á viðhorf þess og færni í starfi. Þetta fræðsluerindi er liður í því að skýra hlutverk aðstoðarfólks í námi notenda og efla viðhorf þess og færni í því að aðstoða notendur í námi sem og daglegu lífi.

Fræðsluefnið er sett þannig upp að hægt sé að vinna með einn kafla/undirkafla í einu og taka til þess afmarkaðan tíma á hverjum starfsmanna- eða teymisfundum. Forstöðumaður getur tekið efnið fyrir með öllum starfsmannahópnum ef haldnir eru reglulegir sameiginlegir starfsmannafundir. Einnig getur teymisstjóri eða tengill tekið efnið fyrir á reglulegum fundum með hópi starfsmanna sem tengist ákveðnum notanda.

Prenta má út hvern kafla fyrir sig, lesa innganginn upphátt og vinna síðan verkefnið sem tengist hverjum kafla. Einnig má horfa á stutt kynningarmyndband sem fylgir hverjum kafla þar sem verkefnastjóri útskýrir aðalatriðin og tengir þau við verkefnin. Öll kynningarmyndbönd eru aðgengileg á [heimasíðu Fjölmenntar](#) sem og [Youtube-rás Fjölmenntar](#).

Helle Kristensen
verkefnastjóri
Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð
helle@fjolmennt.is